

Garðabær  
Garðatorgi 7  
210 GARÐABÆR

Garðabær, 11. maí 2023  
Málsnúmer: 202303-0034  
SS

## Efni: Umsögn um auglýstar skipulagsáætlanir í Garðabæ.

Vísað er í tölvubréf frá skipulagsstjóra Garðabæjar, dags. 14. mars 2023, þar sem óskað er eftir umsókn Náttúrufræðistofnunar Íslands um eftirfarandi auglýstar skipulagsáætlanir í Garðabæ:

- Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna stígakerfis í upplandi Garðabæjar.
- Tillaga að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði í Urriðakotsdölum.
- Tillaga að deiliskipulagi fólkvangs í Vífilsstaðahrauni.
- Tillaga að breytingu deiliskipulags Heiðmerkur og Sandahlíðar.
- Tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts austurhluta.
- Tillaga að breytingu deiliskipulags 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts.

Náttúrufræðistofnun hefur veitt umsagnir um allmörg af þessum málum á fyrri stigum m.a. um forkyrningu á aðalskipulagsbreytingu vegna stígakerfis í upplandi Garðabæjar, útivistarsvæði í Urriðakotsdölum og fólkvang í Vífilsstaðahrauni þann 25. apríl 2022, og um deiliskipulag Vífilsstaðahrauns og Maríuhella þann 8. nóvember 2021. Einnig hafa umsagnir verið veittar til Umhverfisstofnunar í tengslum við friðlýsingaráform í Vífilsstaðahrauni. Vísað er í eldri umsagnir hér á eftir eins og við á.

Fjallað verður um hverja skipulagsáætlun í sitt hvoru lagi hér á eftir:

1. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna stígakerfis í upplandi Garðabæjar.

Aðalskipulagsbreytingin fjallar m.a. um endurskoðun á reiðleiðum og stígum í upplandi Garðabæjar. Stærsta breytingin varðar það að reiðstígur meðfram Flóttamannavegi og Elliðavatnsvegi leggst af en nýr reiðstígur mun liggja úr Grunnvatnaskarði um Ljóskollulág og niður Vífilsstaðahlíð og tengjast reiðstíg í Urriðakotshrauni. Einnig mun nýr göngustígur liggja frá Grunnvatnaskarði niður Vífilsstaðahlíð. Nýjum reiðstíg sérstaklega mun fylgja rask á óröskuðu svæði en gróðurlendi sem verður fyrir því raski er ekki með hátt verndargildi og er að stórum hluta til lúpína.

Breyting á legu hjólastígar í Vífilsstaðahrauni mun valda raski á hrauninu. Á þetta hefur verið bent á í fyrri umsögn um deiliskipulag fólkvangsins (sjá hér fyrir neðan) og telur Náttúrufræðistofnun þetta ekki fara vel saman með markmiðum friðlýsingarinnar um að vernda jarðmyndanir.



Þá er fjallað um breytingu á Flóttamannavegi þar sem veglína breytist lítillega skammt norðan við Maríuhella og inn í Vífillstaðahraunið. Þessi framkvæmd bætir mjög öryggi vegarins en ljóst er að henni mun fylgja eitthvað rask á hrauninu sem er verndað.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða færslu á útilífsmiðstöð við Grunnuvötn.

## 2. Tillaga að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði í Urriðakotsdölum

Deiliskipulagið fjallar einkum um stækkun Urriðavallar um níu holur og samhliða því friðlýsingu Urriðakotshrauns sem fólkvangs. Ábendingar þær sem komu fram í umsögn Náttúrufræðistofnunar frá 25. apríl 2022 eiga að fullu enn við og er því vísað í þá umsögn aftur. Enn er stefnt að því að leggja fjórar golfbrautir innan þess svæðis í Urriðakotshrauni sem stendur til að friðlýsa. Rask verður á gróðri og jarðvegi og á einhverjum hraunmyndunum enda um allstórt svæði að ræða eins og myndir 25 og 26 sýna á skýran hátt. Jarðmyndanir sem lenda inni á miðri golfbraut gæti reynst erfitt að hlífa við álagi.

Jákvætt er að stefnt sé að því að setja upp margvísleg fræðsluskilti.

Breytingar hafa orðið á umhverfismati í umhverfisskýrslu deiliskipulagsáætlunarinnar í takti við fyrri umsögn Náttúrufræðistofnunar og eru nú áhrif á landslag og gróðurfar metin óveruleg/neikvæð frekar en jákvæð.

Eins og fram kom í fyrri umsögn er það óvenjulegt að golfbrautum sé komið fyrir innan friðlýsts fólkvangs og afar mikilvægt að vandað sé til verka við alla hönnun og á framkvæmdatíma til að forðast óþarfa rask. Annars er markmiðum friðlýsingar um verndun jarðminja stefnt í voða.

## 3. Tillaga að deiliskipulagi fólkvangs í Vífilsstaðahrauni

Eins og kom fram í umsögn Náttúrufræðistofnunar frá 25. apríl 2022 og minnst var á hér fyrir ofan í umsögninni um aðalskipulagsbreytinguna, gerir Náttúrufræðistofnun helst athugasemd við breytta legu göngu- og hjólastígar suðaustan við Reykjanesbraut þar sem ljóst er að rask verður á friðlýstum hraunmyndunum. Vísað er í umfjöllun um þetta í fyrri umsögn stofnunarinnar. Brugðist hefur verið við fyrri ábendingum stofnunarinnar um að fara varlega við útfærslu á fuglaskoðunaraðstöðu við Vatnsmýri, og er nú rætt um fuglaskoðunarbrú á göngustíg sem ætti að vera tiltölulega lítið inngríp. Varðandi breytta legu á Flóttamannaleið sjá athugasemdir í umsögn um aðalskipulagsbreytinguna hér að ofan.

## 4. Tillaga að breytingu deiliskipulags Heiðmerkur og Sandahlíðar.

Breytingin tengist einkum lítils háttar afmörkunarbreytingum vegna deiliskipulagsáætlana í Vífilsstaðahrauni og í Urriðakotsdölum. En einnig er nýr byggingarreitur fyrir aðstöðu Skógræktarfélags Garðabæjar í Sandahlíð og lega reiðleiða og stíga endurskoðuð. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við byggingarreitinn sem mun aðallega raska lúpínusvæði. Varðandi nýja reiðleið niður Vífilsstaðahlíð er vísað í umsögnina um

aðalskipulagsbreytinguna hér að ofan. Líkt og í gildandi deiliskipulagi eru áform um umtalsverða skógrækt á svæðinu. Náttúrufræðistofnun vill áréttta að fylgst sé með sjálfsáningu framandi trjátegunda s.s. stafafuru og sitkagreni og að frekar sé plantað í lúpínubreiður en í ósnortinn lyngmóa eins og kostur er. Bæði lúpína og skógrækt rýrir búsvæði mófugla sem nýta sér einkum opin svæði s.s. heiðlóa og spói.

5. Tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts austurhluta.

Breytingin fjallar bara um að reiðstígur meðfram Flóttamannavegi leggst af. Náttúrufræðistofnun gerir engar athugasemdir.

6. Tillaga að breytingu deiliskipulags 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts.

Við framkvæmdir á undirgöngum þarf að huga afar vel að mögulegum áhrifum á Maríuhella.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við auglýstar skipulagsáætlanir.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs